


**HORFINN HEIMUR**

## Við hefjum ferðina með gömlum myndum úr sýningarklefanum í Stjörnubíó.



Vélarnar , FP-7, frá hinu víðkunna fyrirtæki á sviði rafeindatækni, Philips í Hollandi. Mikil völundarsmíð.

Magnara-samstæðan hreykir sér með tvo 25W lampa-magnara

( sem í dag mætti líka við nýfædda kettlinga ! ) og tvö afriðla - “unit”

fyrir tónljós-lampana. Mælirinn að neðan sýnir spennustillinguna, (4,5v) fyrir “fotosellurnar.”

Sem dæmi um öryggið í fyrirrúmi, þá var einn af rofunum á miðjuborðinu fyrir 6,5 volta riðspennu á tónljóslampana í neyð – ef svo illa færi að báðir afriðlarnir skyldu bila ! Þessi riðspenna var einnig notuð til hliðsjónar við jöfnun á útgangsstyrk magnaranna milli véla, frá “fotosellu” til hátalara. Myndsjáin efra ( “scopið”) gegndi m.a. þessu skoðunar- hlutverki. Vel hannað og pottþétt kerfi.

Val milli filmu, plötuspilara, hljóðnema og síðar segulbands. er einnig á miðborðinu. Efst er “monitor” hátalari. Fyrir miðju skagar út aðalstyrkstílið og er um leið skiptingin á milli véla, bæði mynd og hljóð. Einfaldur og öruggur “process.”

Þegar þessi mynd er tekin eru þrívíddarmyndir komnar til sögunnar. (okt. ’54)

Utan á aðalmótorinn er kominn “synchron”-motor. Með einu rofa var ganghraði vélanna læstur sem var grundvallaratriði fyrir sýningu slíkra mynda.

Þá var “Polarized” ljóssíu smellt fyrir linsuna. (sýnd hér með hlíf)

Vélarnar í Gamla-bíó og Stjörnu-bíó voru sömu tegundar en magnarakerfið í Gamla-bíó var á undan þróuninni hér í kvikmyndahúsum. Það var hannað í “steríó”

Vélastæðurnar úr báðum bíóunum og allt sem þeim tilheyrir, er varðveitt á Kvikmyndasafni Íslands í Hafnarfirði.

Við Vél 1 stendur Gunnar heitinn Þorvarðarson. Hann var sýningarstjóri í Stjörnubíó frá upphafi (sept. '49) til ársins 1955 en þá tók ég við af honum. Gunnar söðlaði um og hóf störf við uppsetningar og viðhald á sýningarvélum og magnarakerfum, nánast í öllum kvikmyndahúsum landsins. Á þessum árum var mikil gróska í bíómenningunni.

Ég annaðist einnig filmu-útleigu fyrir Stjörnubíó og sem dæmi um þessa þróun, þá sendi ég myndir til u.þ.b. fjörutíu bíóhúsa á landsbyggðinni. Margir af okkar “eldri” sýningarmönnum muna þetta árabíl vel.

Ekkert sjónvarp og því síður myndbönd. En með tilkomu þessara miðla, molnaði grunnurinn smá saman undan bíóstarfsemi víða á landinu.

Hjúin horfa á fréttir, skemmtiþætti og bíómyndir heima í þægilega sófanum.

Hvers vegna að fara í bíó? Málið horfði svolítið öðruvísi við, þegar kom að unga fólkinu. Það vildi hittast og blanda geði. Oftar en ekki var bíóið í þorpinu þeirra eina athvarf til samfundar.



Ég sá þessa mynd fyrir mér, þegar ég var í sjónvarpsferð um Vestfjarðakjálkann '86 eða '87. Þingeyri við Dýrafjörð. Við í teyminu vorum var að nærast á kók og

Prins-Póló á bensínstöðinni. Þarna voru einnig staddir nokkrir unglingar, rýnandi í VHS-standinn, sem varla hefur skartað fleiri en þrem tugum nafna á kvikmyndum. Bíóið í samkomuhúsinu aflagt fyrir all-löngu. Á sama tíma lásu þessi ungmenni í blöðum eða heyrðu í útvarpinu, uppblásnar auglýsingar frá kvikmyndahúsum höfuðborgarinnar um nýjustu myndirnar í Dolby-Stereo en höfðu ekkert tækifæri til að njóta.

Kannski einhverntíma seinna á myndbandi. Sem gömlum bíójaxli rann mér svolítið til rifja hve einangrunin var sýnileg. Svo leit ég upp fyrir Reykjavíkur-gleraugin.

Saknar maður þess, sem ekki stendur til boða?

Í dag horfir málið öðruvísi við. Nýjustu myndirnar berast jafn skjótt til þeirra kvikmyndahúsa sem enn eru við lýði og þeim fer fjölgandi – sem betur fer.

## Sýningarvélarnar í Tjarnarbíó, þegar ég var við nám þar 1950.

Ég tel fullvíst að þetta sé eina heimildin sem til er úr klefanum. Því miður hafði ég ekki rænu á að taka mynd af mínum meisturum við vélarnar, þeim Kalla og Boga.

Vélarnar eru amerískar-

*Westrex /Century-* ( og nefndar *Century* í þessari umfjöllun ), sömu tegundar og sýningarvélarnar í Nýjabíó við Lækjargötuna.

Ákaflega þægilegar og hljóðlátar maskínur. Til hægri sést í “botninn” á 16mm vél. Að minnsta kosti önnur vélin úr Tjarnarbíó er varðveitt á Kvikmyndasafninu. Einnig brúnarústir sýningarvélanna úr Nýjabíó.



## VEGURINN TIL BAKA

### Við skulum hverfa aðeins lengra inn í heim hinna horfnu kvikmyndahúsa.

Tjarnarbíó hættir, þegar arftaki þess, Háskólabíó var vígt, 1960. Síðan Trípólíbíó en þar er sömu sögu að segja. Tónabíó skal það heita og rís 1964. Bæði þessi bíó voru í nafni Tónlistarfélagssins í Reykjavík. Hafnarbíó ungar út fyrsta fjölsalabíóinu á Íslandi, Regnboganum 1977. Það má með nokkrum sanni segja, að þessi þrjú bíóhús hafi ekki gefið upp öndina, heldur orðið hamskipti. En í huga okkar sem sóttu heim þessi kvikmyndahús, þá verður Tjarnarbíó alltaf Tjarnarbíó, Trípólíbíó alltaf Trípólíbíó og Hafnarbíó alltaf Hafnarbíó.

Kópavogsbíó hættir og örfáum árum seinna Bæjarbíó og Hafnarfjarðarbíó. Þá er komið að Nýjabíó og Gamla-bíó. Elstu kvikmyndahúsunum í Reykjavík. Næst í röðinni: Tónabíó, Austurbæjarbíó og Stjör nubíó.

Regnboganum er svo lokað sem almenningsbíó í júní, 2010 Fjórtán helstu kvikmyndahús sjóndeildarhringsins horfin af sviðinu í áranna rás. Eftir standa Háskólabíó og Laugarásbíó í höfuðborginni. SAM-bíóin og Smárabíó í landi Kópavogs.

Gömlu bíóin voru börn síns tíma. Fleiri salir undir sama þaki- sem var ekki auðveld framkvæmd í flestum tilvikum og hraðfleygar tæknilegar nýjungar. Þetta var krafan.

Í Austurbæjarbíó og Stjör nubíó voru gerðar breytingar til að koma á móts við nýja tíma. Einnig viðamikla byggingar og breytingar á Háskólabíói og Laugarásbíó.

Það voru TODD-AO risarnir í Reykjavík sem lifðu.

## TEGUND VÉLANNA

Ég hef þessa yfirreið á 6.áratug. Sýningarvélar frá Ameríku, voru algengar í kvikmyndahúsum. Í Trípólíbíó og Hafnarbíó voru DeVry vélar. Þær voru reyndar arfur frá bandaríska hernum ásamt bogadregnum, bárujárns húsakosti.

DeVry vélarnar voru einfaldar í uppsetningu - og til niðurrifs enda einungis ætlaðar til brúks þann tíma sem herinn staldraði við. Áður en lengra er stigið, verð ég að minnst á Andrews Theater á Keflavíkur Base, Vinnustaður allmargra, íslenzkra sýningarmanna í áratugi. Sviftingar í vélakosti voru nokkuð tíðar og “hrepparígur” hervaldisins kom greinilega í ljós í þessu kvikmyndahúsi soldátanna.

Bandaríski landherinn notaði nefnilega 35mm sýningarvélar en sjóherinn 16mm vélar! Ástæðan: þær voru léttari og auðveldari í flutningi í flotanum.

(Við skulum hafa í huga að það var langur vegur í fyrirbrigðið “vídeó” )

Vaktaskipti voru viðhöfð á Vellinum með vissu árabili. Sjóherinn tók við vörzlunni af landhernum. 35mm sýningarvélarnar í Andrews Theater voru rifnar upp með rótum, skellt upp á her-trukk og þeim sturtað fram af háu hamrastáli niður á brimsorfna kletta í flæðamálinu, þar sem öskuhaugar Suðurnesja voru vistaðir. Þetta var þá. Góðir gestir! Stapadraugurinn frægi, með hausinn undir handarkrikanum, glotti við tönn !

En líftími her-sýningarvélanna í Trípólí- og Hafnarbíó varð lengri en Varnamálastofnun Bandaríkjanna í Pentagon Washington DC, hafði gert ráð fyrir. Í Hafnarbíó voru þessar vélar nýttar til dauðadags, eða í rúma fjóra áratugi. Það var ameríski verkfræðingurinn Herman A.DeVry sem hannaði þessa vinnuhesta, fyrst sem ferðavélar. Þær komu á markaðinn 1915 og nutu strax mikilla vinsælda.

DeVry vélarnar úr Trípólí-bíó fengu svo framhaldslíf í Tónabíó til ársins 1967.

Þá voru settar upp nýjar sýningarvélar frá *Zeiss Ikon -Erneman 9*

í umboði fyrirtækis þeirra félaga, Jóhanns og Gunnars Eyland - “*Filmur og vélar*”

Í Tjarnarbíó og Nýjabíó voru *Century* vélar eins og fram hefur komið.

Svo risu upp ný kvikmyndahús í Reykjavík á nokkrum árum og síðan mikil endurnýjum á tækjakosti bíóanna út á landi. Baráttan um vélategundir fékk góðan byr. Mikið bar á sýningarvélum frá *Philips* og þýzku *Bauer*-vélunum. Báðar tegundir mikil gæðavara.

Umboðsmaður Philips var Snorri P.B.Arnar en Georg Ámundason flutti inn Bauer-vélarnar. Umboðsmaður DeVry var Friðrik A. Jónsson. Friðrik og Georg voru lengi vel umsvifamiklir í innflutningi á radió- og rafeindatækjum.

Austurbæjarbíó byrjar starfsemina með *DeVry* sýningarvélum. Eftir tæpan áratug eru tækin endurnýjuð og eigendur festa kaup á *Bauer 14* vélum, sem voru Rolls-Royce þýzkra sýningarvéla.

Í Stjörnubíó *Philips*-vélar. Einnig í gamlabíó. Kópavogsbíó skartar *Bauer 14*, eins og Austurbæjarbíó. Um svipað leiti skiptir Bæjarbíó um og kaupir *Bauer 11*, sem var einskonar litli bróðir *Bauer 14*.

Þar leit einnig dagsins ljós fyrsti segultóns-útbúnaðurinn í íslenskum bíóhúsum.

Sigurjón sýningarmaður - með meiru, tók það verkefni að endurnýja sýningarvélarnar úr Kópavogsbíó hinu sáluga en þær voru til húsa á Kvikmyndasafni Íslands.

Það gerði hann af mikilli natni enda verkefnið honum hugleikið.

Nú eru þær njörvaðar niður í Bæjarbíó, og skarta sínu fegursta.

Háskólabíó og endurnýjað Laugarásbíó 1960. Ekkert til sparað. 70/35mm TODD-AO Philips jötnar með sex rása segultón- hvorki meira né minna.

Á sama tíma voru tíu milljón íbúar höfuðborgar Bretlands- London , að montast yfir einu TODD-AO kvikmyndahúsi ! Eurovision hvað!!

Gunnar Þorvarðarson skráði niður á sínum ferðum um landið ómetanlegar heimildir um tegundir sýningavéla og nöfn sýningarmanna, þar sem hann átti erindi vegna viðgerða eða uppsetninga. Þessi merkilegi listi sýnir okkur einnig hvaða ljósgjafar voru notaðir (kolbogi/Xenon) ásamt spólustærðum og sætafjölda í sal. Greinilega má líta augum hve það skipti máli að sýningarvélar væru meðfærilegar, í smærri bíóhúsunum.

Listinn af landsbyggðinni. Ath. Hér er stiklað á stóru.

Hlégarður, Mosfellsbæ :	Philips SSP
Akranes:	Bauer
Borgarnes:	Century
Ólafsvík:	DeVry
Stykkishólmur:	DeVry

Patreksfjörður:	DeVry
Pingeyri;	DeVry
Bolungavík	Century
Ísafjörður:	Philips SSP
Blönduós:	Philips SSP
Skagaströnd:	RCA
Sauðárkrókur:	Philips SSP
Siglufjörður:	RCA
Ólafsfjörður	Bauer
Borgarbíó, Akureyri:	Bauer
Nýja bíó, Akureyri:	Philips
Húsavík:	Bauer
Vopnafjörður:	Bauer
Egilsstaðir:	Simplex
Seyðisfjörður:	Bauer
Neskaupsstaður	Bauer
Eskifjörður:	Philips
Reyartfjörður:	Gaumont Kalee
Fáskrúðsfjörður:	DeVry
Höfn, Hornafirði:	Bauer
Hella:	Bauer
Selfoss:	Century
Vestmannaeyjar:	Bauer
Nýjabíó, Keflavík:	DeVry
Félagsbíó, Keflavík:	Bauer

Niðurstaða lands-listans:

( Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður undanskilin talningunni)

17	DeVry sýningarvélur,
20	Bauer.
9	Philips,
7	Century,
6	RCA,
2	Simplex
2	Gaumont Kalee.

Landið í heild:

19	DeVry
23	Bauer
13	Philips
10	Century
6	RCA
2	Simplex
2	Gaumont Kalee

Á þessum árum voru kvikmyndasýningar ekki allsstaðar fastur liður í dagsins önn,

eins og listinn hans Gunnars ber með sér. Víða voru farandsýningar. Ekkert raunverulegt húsaskjól, sem hægt var að skrá sem bíóhús.

Sigríður og Eiríkur í Hveragerði áttu t.d. þrjú “sett” af DeVry ferðavélum sem þau ferðuðust með vítt og breitt um Suðurlandið.

### *TÆKNI, SEM DÓ NÆSTUM Í FÆÐINGU*

Þegar langi listinn er skoðaður, þá rekur maður augun í *Philips SSP* á fjórum stöðum á landinu: Hlégarði, Ísafirði, Blönduósi og Sauðárkróki. Þessar sýningarvélur frá Philips-verksmiðjunum voru að hluta grunvallarbreyting, frá hefðbundnum vélum. Engin vélknúin ljósloka sem lokaði fyrir geislann frá ljósgjafanum 48 sinnum á sekúndu.

Í stað venjulegs afriðils fyrir kolbogann, var kominn “púls-generator” sem kveikti og slökkti á tveggja sentimetra lampakríli sem hafði geysilegan ljósstyrk.

Þessi “leifturlampi” gegndi sama hlutverki og “blennan” góða.

Við sýningarmenn á þessum tíma, skoðuðum þetta undur og það verður að segjast að myndin á tjaldinu var einkar tær og laus við allt flökt. Spaðalaus ljósloka!

En böggull fylgdi skammrifi. Lampinn var dýru verði keyptur og líftíminn stuttur.



(að meðaltali 33 klst.) Einnig var rauði liturinn í litrófi lampans lasburða, þannig að myndin á tjaldinu var dálítið “köld.”

Generatorinn” var flókin smíð, því umbreyta þurfti 50 riðum veituspennunnar niður í 48 rið til samræmis við staðfastan ganghraða Möltukrossins. Philips SSP hvarf svo smá saman af vettvangi og gamla, góða “systemið” hafði yfirhöndina enda var Xenon-lampinn að koma á markað og bylti um ljósgjafa sýningarvélarinnar. Ég spyr fyrirverandi sýningarmenn á landinu: Eru einhverstaðar faldar minjar um þetta SSP tímabil – lampi eða “generator”?

Svo læt ég þetta nægja um *Horfinn Heim* og segi stopp.

Sigurjóni þakka ég veitta aðstoð.

Með kveðju

Agnar Einarsson